



Stjórn SSH 428. fundur

Mánudaginn 4. apríl 2016, kl. 12:15, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu samtakanna, Hamraborg 9, Kópavogi.

Mæting: Dagur B. Eggertsson, Haraldur Líndal Haraldsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Ármann Kr. Ólafsson, Haraldur Sverrisson og Gunnar Einarsson.

Guðný Ívarsdóttir boðaði forföll.

Framkvæmdastjóri SSH, Páll Guðjónsson sat fundinn og ritaði fundargerð.

Þetta gerðist

1. 40 ára afmæli SSH

Þennan stjóranfundur bar á 40 ára afmælisdag Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, sem stofnuð voru í Hlégarði, Mosfellsbæ 4. apríl 1976.

Framkvæmdastjóri gerði stuttlega grein fyrir samantekt á sögu og starfi SSH í þessi 40 ár, sem birt er á heimasíðu samtakanna.

Rætt um aðalfund SSH á afmælisári, m.a. staðsetningu, tímasetningu og þema fundarins. Málið verður rætt frekar á næsta stjóranfundum.

2. Sóknaráætlun 2015

Fundinn sátu undir þessum dagskrárlið Hrafnkell Á. Þróppé, svæðisskipulagsstjóri, Hermann Ottósson, ráðgjafi hjá Skýr Sýn ehf., sem og Hrólfulf Jónsson og Óli Örn Eiríksson frá atvinnu- og eignasviði Reykjavíkurborgar.

Kynntar voru niðurstöður þriggja verkefna sem unnin hafa verið undir hatti sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins 2015, þ.e:

- Borgarlína II áfangi (sjá einnig 3 mál).
- Markaðssetning höfuðborgarsvæðisins gagnvart erlendum fjárfestum. Á fundinum var opnuð ný vefsíða sem tengist verkefninu, investinreykjavik.com
- Tölfræði höfuðborgarsvæðisins – kynntar voru sérstaklega viðbætur við heimasíðu SSH með tölfræðilegum upplýsingum um höfuðborgarsvæðið.

3. Almenningsgangur á höfuðborgarsvæðinu

Fyrir fundinum lágu eftirfarandi gögn undir þessum dagskrárlið:

- Lokaskýrsla Jarret Walker vegna borgarlínu: „Public Transportation Choices“
- Niðurstaða 4 ára framvindumats vegna samnings um eflingu almenningsgangna á höfuðborgarsvæðinu; Samantekt verkfræðistofunnar Mannvits og skilablað stýrihóps verkefnisins.
- Minnisblað verkfræðistofunnar Verkís: „Akstur á höfuðborgarsvæðinu og tekjur ríkisins“

Umræður

Niðurstaða.

Stjórnin telur eðlilegt að framangreind gögn skv. a) og b) verði send stjórn Strætó bs. til umfjöllunar, og verði í framhaldi send aðildarsveitarfélögunum til kynningar. Ennfremur var samþykkt að taka þau til ítarlegri umfjöllunar á næsta stjórnarfundum.



4. „Samstarf SSH og Vegagerðarinnar um þróun samgöngukerfa á höfuðborgarsvæðinu – drög að verk- og kostnaðaráætlun

Fyrir fundinum lágu drög að verk- og kostnaðaráætlun sb. framangreint.

Umræður

Niðurstaða:

Drögin voru til kynningar á þessum fundi og verða unnin frekar og tekin til efnislegrar umfjöllunar á næsta stjórnarfundi.

5. Grunnskólaganga nemenda í sjálfstætt reknum grunnskólum utan lögheimilissveitarfélags.

Fyrir fundinum lá erindi skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar vegna ofangreinds.

Samþykkt að vísa erindinu til umfjöllunar og umsagnar hjá skólamálanefnd SSH.

6. Sérstakar húsaleigubætur – mismunandi reglur og framkvæmd hjá sveitarfélögunum

Gunnar Einarsson benti á nauðsyn þess að farið verði yfir það misræmi sem er í reglum og framkvæmd sveitarfélaganna vegna sérstakra húsaleigubóta.

Umræður.

Niðurstaða:

Samþykkt að fela forstöðumönnum velferðasviða að taka saman yfirlit yfir stöðu máls og setja fram tillögur um mögulega aðgerðir til samræmingar.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:50.